



Ef þú fékkst greiddan arð á síðasta ári þarft þú mögulega að gera grein fyrir honum og staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á hlutabréfablaði RSK 3.19. Í einhverjum tilvikum eru arðgreiðslur áritaðar á hlutabréfablaðið og þarft þú þá ekkert að gera, nema ef svo ólíklega vilji til að upplýsingarnar séu rangar.

1 Hvar finn ég upplýsingar um arðgreiðsluna?

Upplýsingar um arðgreiðsluna er að finna á sundurliðunarblaði.

Upplýsingar um hlutabréfin þín kunna að vera á fleiri en einum stað á **sundurliðunarblaðinu** og því er mikilvægt að finna viðeigandi upplýsingar.

Hlutabréfa- og stofnfjáreign samkvæmt hlutafjár- og stofnfjármiðum

	Staðgr.	Arður	Hlutafé
Helgi Larsen			
410109-1239 H & L hf.	2.200	10.000	100.000
Svanhvít Sæmundsdóttir			
430185-0589 Fjörefnafóður hf.	11.000	50.000	200.000
	13.200	60.000	300.000

Ef þú hefur engin gögn í höndunum og upplýsingar eru ekki á sundurliðunarblaðinu eru væntanlega innborgun á bankareikningi í heimabankanum sem sýna arðgreiðsluna.

Hafa ber í huga að innborgunin er að öllum líkindum arður að frádreginni staðgreiðslu. Í þeim tilvikum er hægt að finna út arðsfjárhæðina með því að deila með 0,78 í innborgunina.

EKKI á að deila í arðsfjárhæðina sem tilgreind er á sundurliðunarblaði.

2 Hvað á ég að gera?

Þú þarft bara að færa inn upplýsingar um arðinn ef hann er ekki áritaður eða ef fjárhæðir eru rangar.

- Þú byrjar á því að opna hlutabréfablaðið. Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl“ ef þú skilar framtali með maka, en annars undir „Fylgiskjöl“.
- Í næsta þrepi smellir þú á bláa hnappinn við hliðina á kennitölu félagsins.

Upphafssíða
Framtal 202X
Fylgiskjöl Helgi
Fylgiskjöl Svanhvít
Sameiginleg fylgiskjöl
2.02 Greidd leiga
3.02 Eignakaup
3.02 sala eigna
3.03 Húsbyggingar-skýrsla
3.15 Sala/innlausn verðbréfa
3.19 Hlutabréfaeign
3.25 Leigutekjur
Rekstrarblöð Helgi
Rekstrarblöð Svanhvít
Fyrir bændur
Leiðbeiningar
Vista/geyma framtalið
Villuprófun

Almennar upplýsingar	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags
410109-1230	H & L hf.
430185-0589	Fjörefnafóður hf.
» Ný lína	
Samtals	

3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir skráningu arðgreiðslunnar

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptra hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði	9 Söluverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagnaður/sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H&L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
430185-0589	Fjörefnafóður hf.	200.000	600.000											200.000	600.000
» Ný lína		Samtals		300.000	700.000							10.000	2.200	300.000	700.000

Hlutabréfablaðið eftir að búið er að gera grein fyrir arði og staðgreiðslu

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptra hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði	9 Söluverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagnaður/sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H & L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
430185-0589	Fjörefnafóður hf.	200.000	600.000									50.000	11.000	200.000	600.000
» Ný lína		Samtals		300.000	700.000							60.000	13.200	300.000	700.000

Hlutabréfablaðið áður en búið er að gera grein fyrir arði og staðgreiðslu

Arður af hlutafé og afdregin staðgreiðsla

Kennitala félags 4301850589

Nafn félags Fjörefnafóður hf.

Arður og staðgreiðsla

Hafi framteljandi fengið greiddan arð af hlutabréfunum á árinu 2022 skal tilgreina hann hér ásamt afdreginni staðgreiðslu og dagsetningu arðgreiðslu. Hafi arður verið greiddur oftar en einu sinni er dagsetning síðustu greiðslu skráð.

Dagsetning arðgreiðslu 11.04.2023

Greiddur arður samtals 50.000

Afdregin staðgreiðsla 11.000

Ef ekki er um að ræða fenginn arð á árinu þarf ekki að fylla þennan kafla út.

prep 3 af 3

Áfram

Til baka

Athugaðu að ekki er hægt að færa hærri fjárhæð en 22% af greiddum arði í reitinn afdregin staðgreiðsla.

Ef félagið eða vörsluaðili hélt eftir hærri fjárhæð en sem því nemur skalt þú klára framtalið og senda leiðréttingarbeiðni eftir að þú skilar framtalinu.

3. Þú færir upplýsingar um arðinn í síðasta þrepið „Arður af hlutafé og afdregin staðgreiðsla“.

Hér sérðu á hvaða þrepi þú ert.

Þú færir inn upplýsingar um dagsetningu arðgreiðslu, fjárhæð hennar og afdregna staðgreiðslu.

4. Að lokum er smellið á hnappinn „Áfram“ til að komast aftur á hlutabréfablaðið sjálft.

Hér er flett á milli þrepa.